

## Stjórnarfundur Siglingaklúbbsins Þyts 21/2-2006

Mættir voru: Ragnar Hilmarsson (RH), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Guðmundur Ragnar Magnússon (GRM), Tryggvi Steinn Helgason (TSH), Nils Daníelsson (ND) og Áskell Fannberg (ÁF).

### 1. Fundargerð fyrri fundar

Fundargerð fyrri stjórnarfundar þann 7.2.2007 var yfirfarin og samþykkt með einni breytingu.

### 2. SÍL þing

Endanlega var gengið frá því hverjir fara frá okkur á SÍL þingið.

### 3. Sumarstarf

Rætt um sumarstarfið, ákveðið var að senda bréf eða auglýsingu í pósti til allra þeirra sem farið hafa á námskeið undanfarin tvö ár og þannig kynna fyrir þeim starfsemi sumarsins, ND ætlar að vinna þetta í samvinnu með starfsmönnum síðasta sumars.

### 4. Heimasíða

ÁF ræddi um að gjöld hjá OgVodafone hafa hækkað mikið og það borgi sig frekar að við hýsum síðuna sjálfir. Startkostnaður við þetta er um 50.000 kr., sem felst aðalega í kaupum á hugbúnaði og gjöld fyrir að færa síðuna. Þetta borgar sig upp á næstum einu ári miðað við þau gjöld sem við þurfum að greiða til OgVodafone í dag. Þetta var samþykkt og sér ÁF um að koma þessu í gagnið, ný síða á að fara í loftið þann 1. apríl.

### 5. Varahlutir í báta

Rætt var um viðhald báta, smávæginlegir varahlutir þarf að panta í kænuflofan og panta þarf ný stög í báða kjölbátana.

### 6. Gæslubátur

Eins og áður hefur verið samþykkt af stjórn þá liggur fyrir að selja Múkkan gæslu bát klúbbsins að gerð Selva F 5,5. Rætt var um hvernig bátur ætti að koma í hennar stað og einnig um hvort reyna ætti að fá Björgunarsveit Hafnarfjarðar í samstarf með okkur í að halda vikuleg kjölbátamót í sumar.

### 7. Húsnæði

Búið er að leigja út veislusalinn undir fermingarveislu þann 1.apríl, leiga fyrir salinn eins og hann er í dag er kr. 25.000 og leigja þarf starfmann með á 1500 kr. á klukkustund. ÁF ætlar að athuga hvort eitthvað þurfi að breyta tryggingum ef verið er að leigja út salinn.

Framlvæmdir við milliloft, svalir, fatahengi og salernisaðstöðu eru í farvegi og stendur til að hafa vinnudag laugardaginn 10. maí.

GRM ætlar að kanna með borð með fellanlegum löppum sem gætu hentað í veislusalinn.

### 8. Önnur mál:

- Borist hafði bréf dags. 19. febrúar frá Önnu Kristínu Bjarnadóttur sem var að leita upplýsinga um fjölda þáttakanda 14 ára og yngri auk upplýsinga um þáttökugjöld í okkar starfi. RH ætlar að svara bréfinu.
- ÁF ræddi um að skoða þurfi að gera fjárhagsáætlun yfir þær framkvæmdir sem gera á innanhús og utan. Hann er að endurskoða þau lán sem kúbburinn er með þar sem of mikill fjármagnskostnaður er af þeim, og því er best að reyna áætla framkvæmdakostnað og athuga hvort auka þurfi lánin.
- GRM ætlar að fá tilboð í sjónvarp og gerfihnattadisk fyrir klúbbinn.
- Rætt var um þá sem í kjöri eru í stjórn SÍL og hverjir séu þar frá Þyt.